

Umsögn íbúaráðs Vesturbæjar dags. 8. september 2021 um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021

Við í Íbúaráði Vesturbæjar fögnum nýrri Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar og þökkum kærlega fyrir góða framsetningu og kynningu um metnaðarfulla sýn, vönduð verkferli ásamt aðgerðum og mælanlegum markmiðum.

Við hlökkum til að fá að fylgjast áfram með þessu mikilvæga verkefni og eiga í samtali við þá sem koma að því.

Hér að neðan eru atriði sem okkur finnst mætti skoða betur á þessu stigi:

1. Hlutverk Þjónusumiðstöðva

Æskilegt væri að farið sé nánar útí hlutverk Þjónustumiðstöðva. Hvernig mætti efla hlutverk þeirra í tengslum við Íbúaráðin og mögulega Samfélagshús. Þótt Þjónustumiðstöðvar séu undir Velferðasviði er tilvalið að styrkja þær til þess að styðja við Íbúalýðræði sem tengist oft beint hverfamálum. Til þess þarf fjármagn, stöðugildi og ferla sem tryggja samtal við ólík svið innan borgarkerfisins. Til dæmis mættu deiliskipulagstillögur frá USK hanga uppi í Þjónustumiðstöðvum hverfa. Sérfræðingar frá USK gætum komið mánaðarlega og svarað spurningum eða veitt ráðgjöf.

2. Íbúalýðræði og skipulagsmál

Mikið af málum sem tengjast íbúalýðræði (sérstaklega í gegnum Betri Hverfi) eru skipulagsmál og þurfa náíð samtal við USKið. Það vantar mælanleg markmið sem tengjast aðgerðum sem eiga að bæta úr samráðsferlum þar. Lengi hefur vantað mikið uppá samráðsferli vegna deiliskipulagstillagna og þyrfti að vera sér aðgerð sem skoðar það samráðsferli ítarlega.

3. Tegundir aðgerða - (þ.e. flokka tegundir aðgerða betur)

Aðgerðirnar virðast ganga útá bættu upplýsingamiðlun og samskipti við íbúa. En mætti huga meira að aðgerðum sem taka á stjórnkerfinu/ferlunum sem liggja að baki? (en gáttirnar verða aldrei betri en kerfin sem þeim er ætlað að veita aðgang að). Til að glöggva sig betur á þessu væri hægt að skoða hvenær "ný" lausn sé nauðsynleg á kostnað þess að "betrumbæta" eldri lausnir og leiðir. Þannig gætu leikmenn glöggvað sig betur á forgangsroðuninni sem hefur átt sér stað í ferlinu og hvernig aðgerðir tengjast innbyrðis.

Væri til dæmis hægt að horfa á aðgerðirnar út frá:

- hvort þær eru aðgerðir um miðlun vs. aðgerðir um innra skipulag/ferla
- hvort þær eru aðgerðir um nýja lausn/gátt/miðlunarleiðir vs aðgerðir um ítrun/betrumbætur á eldri lausnum.
- hvernig aðgerðirnar tengjast ólíkum notendum (íbúum, stjórnsýslu, kjörnum borgarfulltrúum).

3b. Íbúalýðræði og skipulagsmál eru afar mikilvæg og við tökum sérstaklega undir að það þarf að bæta samráðsferlin þar og að það sé ritað í lýðræðisstefnuna.

Auka þarf aðgengi almennings að vel unnum útskýringum. Verkreglur um að íbúar hverfissins séu upplýstir varðandi skipulagsbreytingar og byggingarleyfisumsóknir þarf að bæta t.d með því að senda upplýsingar á stærri hópa og með því að hengja upp skilti í kringum lóðina. Borgin ætti að setja fram kröfu um (þótt hún sé ekki í landslögum) að byggingarleyfisumsóknir fyrir öllum stærri framkvæmdum séu grenndarkynntar og fólk gefið færi á að verja sig áður en það er of seint, þar sem deiliskipulög stærri bygginga eru teiknuð í það litlum mælikvarða að margt nýtt kemur í ljós þegar byggingarleyfisteikningar/aðalteikningar eru lagðar inn. Ef almenningur hefur ekki möguleika á að kynna sér og koma með athugasemdir við aðalteikningar þá er ekkert sem getur stöðvað mörg mistök sem ekki var tekið eftir eða hægt að sjá við deiliskipulagsgerð (einkalíf, útsýni, skuggar, speglun, óbefur, hljóð frá víftum og starfsemi, mengun, vindgöng osfv.). Sem dæmi þá koma endanlegar útlínur húss og uppröðun á starfsemi innin þess ekki fram á deiliskipulagsupprætti þannig að nágrenni getur fengið stofuútsýni beint á ruslagáma, loftræstingu og vinnuhurð án þess að það geri nein boð á undan sér.

4. Aðgerðir þvert á borgarkerfið

Aðgerðirnar í lýðræðisstefnunni eru þvert á borgarkerfið sem sést skýrt á því að sviðin eru nefnd við hverja aðgerð. Við myndum við vilja sjá ennþá betur hvernig hin ólíku svið innan borgarkerfisins munu vinna saman til þess að tryggja samstarfið milli deilda sem þarf til að fylgja eftir stefnunni. Ein myndræn skýringarmynd sem sýnir öll sviðin sem tengjast aðgerðunum gæti hjálpað til að veita betri yfirsýn á metnaðinn sem þarf að halda á lofti hér og gæti verið notuð sem tól til að kynna innan borgarinnar um væntingarnar til starfsfólks borgarinnar inná ólíkum sviðum.